

Yfirlýsing frá stjórnarmönnum í VR.

Nokkrir félagsmenn í VR hafa boðað mótframboð til stjórnar VR. Fjölmiðlar hafa birt viðtöl við talsmann hópsins, Lúðvík Lúðvíksson, og þar hefur hann farið mikinn um hversu flókið sé að bjóða fram og kennt starfsmönnum VR um vankunnáttu sína í þeim efnum. Hverjum þeim sem stýra vill 28 þúsund manna félagi verður að vera ljóst að hann verður að treysta á eigin burði til að kynna sér lög og reglur. **Öllum félagsmönnum er að sjálfsgöðu frjálst að leggja fram nýjan framboðslista** en hann verður að vera í samræmi við lög VR. Enginn starfsmaður VR getur breytt nokkru þar um – það er aðeins hægt að breyta lögum félagsins á aðalfundi.

Kosningar voru löglega auglýstar með framboðsfresti til 22. desember kl 12. Auglýst var eftir framboðum til stjórnarsetu og formanns. Við lok umsóknarfrests höfðu borist framboð 15 einstaklinga til stjórnarsetu og 1 framboð til formanns.

20. grein laga VR, sem fjallar um kosningu formanns, stjórnar og trúnaðarráðs, hefst á þessa leið:

Árlega skulu 4 stjórnarmenn og trúnaðarráð kosið í listakosningu en 3 stjórnarmenn og 3 varamenn í einstaklingsbundinni kosningu. Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár.

Það er því augljóst að það er aðeins kosið um helming stjórnar til tveggja ára hverju sinni.

Í 20. gr. er síðan útskýrt hvernig uppstillingarnefnd stillir upp 4 stjórnarmönnum og 82 trúnaðarráðsmönnum á lista og einnig hvernig hægt er að koma með framboðslista gegn þeim lista og fara fram á allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu um listana. Formaður, 3 stjórnarmenn og 3 varamenn eru kosnir einstaklingskosningu en þeir sem ná ekki kjöri – **en hafa boðið sig fram innan framboðsfrestsins** – eiga þess kost að safna sér 40 meðmælendum til viðbótar og fara fram á allsherjaratkvæðagreiðslu um einstaklingssætin.

Við í stjórn VR erum orðin langþreytt á rangfærslum og ómálefnalegum málflutningi þeirra sem segjast vilja breytingar í stjórn félagsins. Á fjölmönnum félagsfundi þann 13. nóvember s.l. sögðust þessir sömu menn vera með tillögu til fundarins en þessi tillaga kom aldrei fram. Formaður VR lagði formannssæti sitt að veði á þessum sama fundi þar sem hann bauð upp á að flýta kosningu um formannssætið um rúmt ár.

Kjörstjórn hefur nú komið til móts við þennan óánægjuhóp Lúðvíks með því að framlengja framboðsfrestinn til 12. janúar n.k. Samt hamast hann enn í fjölmiðlum og sýnir enn og aftur vankunnáttu í málefnum félagsins, sem hann vill stjórna. Það er alls ekki erfitt að komast til áhrifa hjá VR og undanfarin ár hafa flestir, sem óskað hafa eftir, náð því markmiði sínu. Það getum við undirrituð staðfest og einnig það, að við höfum lært heilmikið þann tíma sem við höfum verið í trúnaðarráði og stjórn VR. Þar fer fram heilmikil málefnaleg vinna og staðreyndin er sú, að VR hefur verið í fararbroddi stéttarfélaga undanfarin ár í könnunum, sem Capacent hefur framkvæmt, um afstöðu félagsmanna til síns stéttarfélags.

Stefanía Magnúsdóttir, varaformaður VR (sign)

Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, ritari (sign)

Benedikt Vilhjálmsson (sign)

Rannveig Sigurðardóttir (sign)

Sigurður Sigfússon (sign)

Gunnar Böðvarsson (sign)

Valur M. Valtýsson (sign)

Lykke Bjerre Larsen (sign)

Jóhanna S. Rúnarsdóttir (sign)